

SKÓGRÆKT Á FELLSMÖRK Í MÝRDAL

LANDNEMAR



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
Ránargata 18, 101 Reykjavík, s: 551-8150
Jón Geir Pétursson, skógfræðingur, maí 1999

INNGANGUR

Árið 1989 tók Skógræktarfélag Reykjavíkur á leigu þrjár ríkisjarðir, Fell, Álftagróf og Keldudal í Mýrdal. Jörðunum var skipt í svokallaðar landnemaspildur, þar sem einstaklingum gafst tækifæri á að leigja lönd til skógræktar, auk þess að hafa rétt til þess að byggja þar sumarhús.

Skógræktarskilyrði í Mýrdal einkennast af mildu, hafrænu veðurfari suðurstrandarinnar. Þar eru mildir vetur og langt sumar, auk þess sem úrkoma er ríkuleg. Varðandi skógrækt eru N/NA vindar líklega verstir, en þeir geta verið harðir og þurrir, sérstaklega á vetrum. SA/SV áttir eru oftast úrkomusamar og því ekki eins slæmar fyrir trjágróður. Umhleypingar geta einnig verið skæðir ýmsum trjátegundum, bæði vor og haust.

Óviða sjást mótandi áhrif vinds á skógrækt betur en í Mýrdalnum. Þar er vöxtur víða mjög mikill í skýldum brekkum. Um leið og kemur upp fyrir brekkubrúnir, í vindstrenginn ofan af hálendinu gjörbreytast allar aðstæður og trjágróðurinn nær engum þroska. Því er hægt að segja að vindurinn sé afgerandi þáttur í skógrækt í Mýrdal. Þetta sést afar vel er skoðað er fallett ræktunarsvæði Skógræktarfélag Mýrdælinga á Gjögnum efst á Sólheimasandi. Þangað ættu allir, sem hugleiða skógrækt í Mýrdal að leggja leið sína.

Þessi greinargerð er unnin að ósk stjórnar Fellsmerkurfélagsins, félags landnema á Fellsmörk. Hún verður vonandi til þess að bæta enn árangur ræktunarstarfsins á Fellsmörk, þannig að þar vaxi sem víðast upp fallett skógur.

Hér verður fyrst fjallað um almenn atriði varðandi skógrækt á Fellsmörk, en síðan fjallað um hverja braut sérstaklega.

TRJÁTEGUNDIR

Má mæla með ýmsum trjátegundum til ræktunar á Fellsmörk. Hér að neðan er tafla yfir helstu trjátegundir sem mælt er með, raðað eftir mismunandi landgerðum. Þar á eftir er fjallað um eiginleika hverrar tegundar. Með aðaltegund er átt við trjátegundir sem notaðar eru í samfelldri skógrækt, en aukategundir eru notaðar sem einstök tré, innan um aðaltegundir.

TRJÁTEGUNDAVAL EFTIR ALGENGUM LANDGERÐUM

Landgerðir	Helstu aðaltrjátegundir	Helstu aukatrjátegundir	Athugasemdir
Melar	sitkaelri, birki		Jarðvegsbætur, frostlyftingarhætta
Mosaþembur	sitkaelri, birki, bergfura	stafafura	Jarðvegsbætur
Jarðgrunngraslendi	birki, elri, bergfura	stafafura, blágreni,	Jarðvegsbætur
Jarðvegsdjúpgraslendi	birki, víðitegundir, sitkagreni, alaskaösp, stafafura, bergfura	reyniviður, selja, gráelri, stafafura, blágreni	grasvandamál

HELSTU TRJÁTEGUNDIR

Trjátegund	Kröfur	Æskilegur uppruni
------------	--------	-------------------

ADALTEGUNDIR

Sitkagreni	Má gróðursetja allstaðar þar sem er jarðvegsdjúpt. Er kröfuhart, þarf áburðagjöf. Ágætlega vindþolið. Gengur á öllum svæðum Fellsmarkar, þó síst á Gilbraut.	Æskilegt að nota sitkagreni sem er sem minnst blandað hvítgreni.
Blágreni	Nægjusamara en sitkagreni. Þolir verr vind.	lítið vitað um kvæmi
Stafafura	Gengur í þurra móa, auk frjósamara lands. Þarf að hafa skjól fyrstu árin, hættir annars til að sviðna.	Mæli með kvæminu Skagway eða Taraldsöy
Bergfura	Gengur í frekar rýrt land. Ekki eins gjörn á að sviðna alvarlega og stafafura.	Flest kæmi
Birki		Bæjarstaðauppruni
Alaskaösp	Þurftarfrek. Gróðursetja í frjósamara land eða nota rikulega af áburði. Meðallagi vindþolin.	sjá töflu í viðauka
Alaskavíðir	Þurftarfrekur og vindþolinn. Góður í skjólbelti og stakstæður til skjólmyndunar. Þarf mikinn áburð til að vaxa vel.	klónarnir Brúnn (líka kallaður trölfi/Gústa), Hríma (s2a) og Yakutat (s2b)
Sitkaelri	Vex á rýrasta landinu. Þolir ekki að fara í frjósamt land. Fara varlega í áburðargjöf. Í lagi að nota skít við gróðursetningu en sleppa tilbúnum áburði.	Kvæmi eins og Tumastaðir og Álfheimar eru algengust og má mæla með.

AUKATEGUNDIR

Reyniviður	allar þessar tegundir þurfa talsvert skjól og sæmileg jarðvegsskilyrði til þess að ná þroska	
Selja	do	
Gráelri	do	
Ýmsar víðiteg.	ss. strandavíðir, brekkuvíðir, loðvíðir, jörfavíðir	

NOKKUR HAGNÝT RÆKTUNARATRÍÐI

Hér er tæpt á nokkrum hagnýtum atriðum varðandi ræktunina.

Lífrænn áburður.

Til mikilla bóta er að nota lífrænan áburð við gróðursetningu, sérstaklega á rýrari stöðum. Best er að nota húsdýraáburð (hrossa/kinda) sem er búinn að liggja í haug í einhvern tíma. Notist ríkulega við gróðursetningu td. ca 3-5 lítra með bakkaplöntu. Gengur með öllum trjategundum. Þegar gróðursettar eru bakkaplöntur er ágætt að holan sé jafn stór skóflublaðinu (breidd/dýpt) og hún síðan nánast fyllt með húsdýraáburðinum.

Tilbúinn áburður

Notist á plöntur árið eftir gróðursetningu ef skítur er notaður. Annast strax við gróðursetningu. Hæfilegt magn ca. 10 g á hvern cm plöntunnar. Því eru ca 10 gr (matskeið) hæfilegt magn á bakkaplöntu (10 cm) við gróðursetningu. Blákorn er ágætur áburður fyrstu árin. Elritegundir eiga ekki að fá tilbúinn áburð. Í Fellsmörk er mælt með ýmsum þurftarfrekum trjategundum svo sem sitkagreni, alaskavíði, birki, alaskaösp, sem allar svara vel áburðargjöf og vaxa í raun ekki sem skildi án hennar.

Skjól

Skjólgrindur geta gert mikið gagn fyrstu árin fyrir plönturnar. Þær skulu vera þvert á verstu vindátt og 30-50% opnar (rimlar). Þannig veita þær skjól í allt að 30x hæð sína. Mikilvægt er að ganga vel frá grindunum því þær geta annars fokið sjálfar og verið mikill lýti í landinu. Á þeim svæðum Fellsmerkur sem eru mest áveðra geta skjólgirðingar gert afar mikið gagn.

Illgresi

Við getum í raun skilgreint allan gróður sem vex upp að stofni plöntunnar fyrstu árin sem illgresi. Slíkur gróður keppir við trjáplöntuna um ljós, næringu og raka. Því er mikilvægt að plantan sé laus við samkeppni meðan hún vex úr grasi í orðsins fyllstu merkingu. Sé gróðursett með skóflu og skít losnum við við gróður úr næsta nágrenni plöntunnar fyrstu árin. Ef það dugir ekki þarf að eyða illgresinu. Það er hægt með a. reitingu, b. þakningu c. illgresislyfjum ss Roundup eða Casaron.

Frostlyfting

Ef gróðursett er í mela eða flög þar sem engin rót er geta plönturnar frostlyfst yfir veturinn. Þarf að reyna að gróðursetja nærri gróðurtoppum, sá grasfræi eða gróðursetja með miklum skít til að fyrirbyggja frostlyftinguna.

HEIDARBRAUTARSVÆÐI

Þetta svæði er vestast á Fellsmörk, nær vestur að ánni úr Klifurárgilsjökli alls 14 spildur.

Lýsing

Við þessa braut eru misjöfn skilyrði. Víða eru álitlegir hvammar nærri ánni sem er skjólgóðir og frjósamir. Austan vegar eru hins vegar ófrjósamari hryggir og melar lengra frá. Hærra uppi (norðar) versna skilyrðin einnig, en þar er áveðra og jarðgrunnt.

Hér sést dæmi um vel lukkaða ræktun. Setta hafa verið upp skjólgirðingar og þar gróðursettur alaskavíðir og sitkagreni í bland.



Helstu vandamál ræktunarmannsins

1. Skjólleysi
2. Grasvöxtur
3. Jarðvegsskilyrði

Ræktunaraðferðir

Frjósamari hvammar vestan vegar (aðallega oddatöluspildur)

Á þessu svæði er víða ágætt skjól, sérstaklega syðst á svæðinu. Helst er að grasvöxtur geti verið til vandræða. Hér mæli ég með því að gróðursetja sitkagreni, birki, alaskaösp og alaskavíði. Aðrar viðkvæmari tegundir geta síðan komið í kjölfarið. Hér þarf að reyna að halda grasi frá plöntunum fyrstu árin eftir gróðursetninguna. Mikilsvirði er að reyna að gróðursetja í samfellu, líkt og annarsstaðar á svæðinu, til þess að trén skýli hvert öðru. Hætta er á að snjór safnist í skjólbestu hvammana næst gílinu sem gæti orsakað snjóbrott á trjágróðri.

Áveðra svæði A-vegar og nyrst (aðallega slétttöluspildur)

Hér má mæla með uppsetningu skjólgirðinga, en sennilega er erfitt að rækta skjólbelti því landið er svo ófrjótt. Skjólgrindur geta því gert mikið gagn.

Á þessu svæði ætti að gróðursetja allt með skóflu og skít. Jarðvegsbætur eru algert aðalatriði er vel á takast til. Hægt er að mæla með trjátegundunum birki og sitkaelri. Birkið þarf til viðbótar að fá tilbúinn áburðar ca 2 hvert ár (blákorn, ca 10gr á smáplöntu). Sitkagreni má setja á frjósömustu staði, þar sem er einhver raki, auk alaskavíðis og bergfuru. Nota skal litlar plöntur sem geta vaxið upp í vindinn. Græða má melana upp með lúpínu/áburði og grasfræi og þannig undirbúa þá fyrir gróðursetningu.

GILBRAUTARSVÆÐI

Gilbraut er í miðju af vestari hluta Fellsmerkur, alls 18 landnemaspildur

Lýsing

Hér eru flest löndin á frekar jarðgrunnum mosapembum, rýrum jarðgrunnum graslendum og melum. Að auki eru svæðin flest áveðra. Á það sérstaklega við svæðin austan-brautarinnar og austari-hluta svæðanna vestan-við brautina. Inn á milli eru þó frjósamari grasgeirar og skjólbetri bollar.

Neðst (syðst) á svæðinu eru hins vegar svæði sem eru ágætlega frjósöm og miklu skjólbetri. Sama má segja um svæðið sem liggur að svokölluðu þagili (oddatöluspildur vestast).

Hér hafa verið settar upp skjólgirðingar með góðum árangri. Hér sést að þær halda einnig að snjó sem hlífir smáplöntunum fyrstu árin.



Hér eru víða mjög ófrjósamar og áveðra mosapembur og melar.

Helstu vandamál ræktunarmannsins

1. Skjólleysi
2. Ófrjósemi
3. Frostlyftingarhætta

Leiðbeiningar

Hér hafa verið settar upp skjólgirðingar með ágætum árangri. Þeim þarf að viðhalda - og eins að setja upp nýjar á áveðra stöðum. Hér er erfitt að rækta skjólbelti því landið er svo ófrjótt og jarðgrunnt. Skjólgrindur geta hér gert mikið gagn.


Á þessu svæði ætti að gróðursetja allt með skóflu og skít. Jarðvegsbætur eru algert aðalatriði er vel á takast til. Hægt er að mæla með trjátegundunum birki og sitkæli. Birkið þarf til viðbótar að fá tilbúinn áburð ca 2. hvert ár (blákorn, ca 10gr á smáplöntu). Sitkagreni má setja á frjósömustu staði, þar sem er einhver raki, auk alaskavíðis. Nota skal litlar plöntur sem geta vaxið upp í vindinn. Græða má melana upp með lúpínu/áburði og grasfræi og þannig undirbúa þá fyrir gróðursetningu.

HÓLSBRAUTARSVÆÐI

Þetta eru landnemaspildurnar utan í Fellinu vestanverðu, 6 talsins.

Lýsing

Þetta svæði eru býsna vel gróið hátt upp í fellið, sérstaklega syðst. Innstu spildurnar eru þó að hluta til á ver grónu og jarðgrynnra landi. Sumar spildurnar eru nokkuð brattar. Sumsstaðar getur sennilega verið blautt á köflum, þar sem vatn kemur undan brekkunni



Helstu vandamál

1. Skjóllítið á köflum.
2. Frostlyfting á innstu spildum.
3. Grasvöxtur.

Ræktunarleiðbeiningar

Á þessu svæði er víða ágætt skjól, sérstaklega syðst á svæðinu. Brekkan er frjósöm og er helst að grasvöxtur geti verið til vandræða. Hér mæli ég með því að gróðursetja sitkagreni, birki, alaskaösp og alaskavíði. Aðrar viðkvæmari tegundir geta síðan komið í kjölfarið. Hér þarf að reyna að halda grasi frá plöntunum fyrstu árin eftir gróðursetninguna. Tæpast eru þörf á skjólgrindum. Mikilvægt er að reyna að gróðursetja í samfellu, líkt og annarsstaðar á svæðinu, til þess að trén skýli hvert öðru.


DALBRAUTARSVÆÐI

Á þessu svæði eru landnemaspildur í röð meðfram hliðinni, neðan frá sléttunni og upp í skriður og kletta. Landnemaspildurnar eru eftir braut sem kallast Dalbraut, alls 15 talsins.

Lýsing

Austan Fellsins virðist vera töluverður vindstrengur. Svokallað þurragil gengur inn í hálendið og er sennilega vindstrengur meðfram hliðinni úr norðri. Aðrar áttir skipta líklega minna máli. Landnemaspildurnar liggja eftir þessum streng.

Innan hvernar spildu eru skilyrðin breytileg. Neðst er jarðgrunnur flatlendur harðbali, þá jarðvegsdýpri og frjósamari hallandi brekkukverk, þá rýrar brattar jarðgrunnar skriður og loks snarbrött skriða og klettar.



Helstu vandamál

1. Skjólleysi. Allar spildurnar eru skjóllitlar
2. Einsemd! Þ.e. vandamál að ekki er verið að gróðursetja á allar spildurnar því þær gætu skýlt hvor annarri.
3. Grasvöxtur í brekkukverk. Mikill grasvöxtur er á frjósamasta hluta landsins, þ.e. brekkukverkinni.
4. Ófrjósemi ofarlega. Þegar kemur upp úr graslubbanum verður landið ófrjósamara og þurrara.
5. Frosthætta á sléttu landi. Neðst á spildunum er landið flatt og því nokkur hætta að frostsKemmdum.

Ræktunarleiðbeiningar fyrir svæðið

Hér þarf að byrja á því að bregðast við vindinum. Vegna þess hversu frjósöm brekkukverkin er, á að vera hægt að byrja á því að gróðursetja harðgerar trjátegundir til að skapa skjól. Best er ef hægt er að gera það í samfellu á svæðinu öllu. Geta það

bæði verið skjólbelti eða stakstæð tré. Mæli má með alaskavíði í það - klónar brúnn og/eða hríma. Víðinn þarf að gróðursetja með skít, sem er auðvelt því svæðið er afar aðgengilegt. Illgresi þarf að halda í burtu fyrstu árin eftir gróðursetningu. Skjólgrindur þvert á hliðina geta einnig verið til mikils gagns.

Þegar skjól fer að skapast, líkt og sumsstaðar er orðið, er hægt að gróðursetja, sitkagreni, birki, alaskaösp og bergfuru.

Ofan til er víðast of jarðgrunnt og rýrt fyrir víðinn. Þar mæli ég með því að gróðursetja birki og elri, helst með skít en annars með tilbúnum áburði.


ÁLFTAGRÓF

Á þessu svæði eru engar landnemaspildur, heldur er svæðið allt almenningur.

Lýsing

Þetta svæði er allsstórt land ofan og innan við bæinn í Álftagróf. Fyrst og fremst langur ás sem liggur í N-S, milli Vatalækjar og fellsins vestan Keldudalsár. Syðst í ásnum eru grasi grónar brekkur, svo og austan til inn með Álftagrófarbænum og inn fyrir hann. Utan í ásnum að A-verðu eru hins vegar stór melasvæði, sérstaklega innantil. Ofan á ásnum eru mjög stór ógróin svæði og einnig nokkur rofabörð.

Syðst í ásnum, utan bæjarins eru grasgeirar og brekkur þar sem nokkurt skjól er.



Helstu vandamál vegna ræktunar

1. Skjólleysi. Mjög skjóllítið er ofan á ásnum. Einnig eru greinilega vindstrengir með hliðunum beggja vegna
2. Frostlyftingarhætta. Á þessu svæði eru afar stór illa/ógróin melasvæði þar sem mikil frostlyftingarhætta er.

Ræktunarleiðbeiningar

Einbeita sér að gróðursetningu utan í ásnum, en sleppa efsta hlutanum. Þar er skjóllaust. Melasvæðin þarf að græða upp, hægt að nota áburð og grasfræ eða lúpínu. Sáð blöndu af grasfræði og tilbúnum áburði snemma vors og þá á melurinn að gróa saman.

Frostlyftingarhætta er mikil á ógrónu svæðunum. Þar er víða hægt að gróðursetja með skóflu og skít, sem hindrar frostlyftinguna.

Í brekkunum á að gróðursetja birki, sitkagreni og alaskavíði á raklendari staði. Hvergi er gott skjól, nema alveg syðst, því á að nota litlar plöntur sem vaxa upp í vindinn.

KELDUDALUR

Á svæðinu í Keldudal eru 5 landnemaspildur, sem liggja austan við túnin.

Lýsing

Spildurnar eru allar í röð meðfram hliðinni og ná neðan frá tiltölulega sléttu landi upp í klettabrún. Innan hvernar spildu eru því skilyrðin breytileg. Neðst eru frekar flatlent, þá jarðvegisdýpri og frjósamari hallandi brekkukverk, þá rýrar brattar jarðgrunnar skriður uns klettar taka við. Keldudalsspildurnar eru sennilega frekar skjólgóðar.

Niður gilið með Keldudalsánni er líklega vindstrengur. Erfitt er að gróðursetja inn gilið vegna bratta.

Neðan til á landnemaspildunum er ágætlega frjósamt land þar sem grasvöxtur getur verið til vandræða fyrstu árin. Einnig er þar sennilega nokkuð vindasamt.



Nokkuð skjól er á landnemaspildunum í Keldudal gagnvart N-áttum. Snjósöfnun getur verið vandamál þegar trjágróður fer að vaxa.

Ofan til í brekkunum er jarðgrunnt og frekar ófrjótt. Erfitt er að gróðursetja upp á fellinu

Helstu vandamál

1. Grasvöxtur
2. Frostlyfting á nokkrum stöðum.
3. Snjósöfnun. Miklir skaflar geta myndast.

Ræktunarleiðbeiningar

Neðan til á svæðinu mæli ég með því að byrja ræktunina á skjólmyndandi trjátegundum. Sérstaklega mæli ég þar með alaskavíði, (hrímu/brúnn).

Þegar þetta er farið að veita skjól er hægt að gróðursetja ýmsar aðrar trjátegundir, vegna þess hve landið er frjósamt. Getu það verið sitkagreni, birki, alaskaösp, selja, reyniviður og svo stafafura á skjólbetri staði.


Ofan til í brekkum mæli ég með að gróðursetja birki, sitkaelri og smávægilega af bergfuru. Hér þarf að nota tilbúinn áburð er vel á að takast til.

HLÍÐARBRAUT

Þetta svæði liggur austan Keldudals og samanstendur af spildum í röð eftir hlíðinni.

Lýsing

Landnemaspildurnar liggja í röð eftir hlíðinni og spanna landið neðan frá eyrinni og upp í skriðurnar. Spilda nr 1 er langstærst, fremst í fellinu en spildur 2-10 liggja inn eftir hlíðinni.



Helstu vandamál í ræktuninni

1. Skjólleysi
2. Grasvöxtur
3. Ófrjósamar brekkur ofantil

Ræktunarleiðbeiningar

Hér hafa verið settar upp skjólgirðingar með ágætum árangri. Halda skal því verki áfram. Þeim þarf hins vegar að viðhalda. Að skapa skjól er afar mikilvægt hér.

Neðan til á svæðinu má mæla með því að byrja ræktunina á skjólmyndandi trjátegundum. Sérstaklega má mæla með alaskavíði, (hrímu/brúnn) sem má gróðursetja í skjólbelti eða strjált. Mikilvægt er að gróðursetja hann með skóflu og skít þannig að hann hafa nægan áburð og sé síðan laus við samkeppni fyrstu árinu. Í því sambandi er gott að nota plastdúk, ef um er að ræða skjólbelti.

Þegar þetta er farið að veita skjól er hægt að gróðursetja ýmsar frekar vindþolnar trjátegundir, vegna þess hve landið er frjósamt. Geta það verið sitkagreni, birki, alaskaösp, selja, reyniviður og svo stafafura á skjólbetri staði.


Ofan til í brekkum mæli ég með að gróðursetja birki, sitkaelri og smávægilega af bergfuru. Hér þarf að nota tilbúinn áburð er vel á að takast til, því sennilega er erfitt að koma við skít. Þar er víðast of jarðgrunnt fyrir víðiræktun.

KRÓKUR

Þetta er austasta ræktunarsvæðið og eru þar 10 landnemaspildur

Lýsing

Hér eru ræktunarskilyrðin býsna fjölbreytileg, bæði grassléttur, grónar brekkur og svo rof inn á milli.



Helstu vandamál í ræktuninni

1. Skjólítil slétta
2. Grasvöxtur í hlíðunum
3. Ófrjósamar brekkur
4. Frosthætta á sléttara landinu

Ræktunarleiðbeiningar

Sléttara land

Á sléttara landinu má mæla með því að koma upp skjólbeltum í fyrstu. Það geta verið belti eða stakstæðar víðiplöntur. Þannig er hægt að skapa skilyrði fyrir annan trjágróður. Sitkagreni, birki og alaskaösp eru trjátegundir sem má mæla með.

Brekkur

Í brekkunum ætti að vera sæmilegt skjól. Grasvöxtur getur sennilega verið til vandræða. Hér mæli ég með því að gróðursetja sitkagreni, birki, alaskaösp og alaskavíði í jarðvegisdýpri svæði. Hér þarf að reyna að halda grasi frá plöntunum fyrstu árin eftir gróðursetninguna. Mikilsvirði er að reyna að gróðursetja í samfellu, líkt og annarsstaðar á svæðinu, til þess að trén skýli hvert öðru.

Ofar brekkunum verður jarðgrynnra. Þar mæli ég með að gróðursetja birki, sitkaelri og smávægilega af bergfuru. Hér þarf að nota tilbúinn áburð er vel á að takast til, því sennilega er erfitt að koma við skít.


Álitlegir klónar víða um land

 Suðurland, Vesturland og sunnanverðir Austfirðir

Klónn*	Kvæmi**
Pinni	Cordova Flats (C -9)
Haukur	Copper River Delta (C-10)
Keisari	"
Brekkan	"
Salka (=Jóra)	Yakutat (C-14)
Súla	

 Norður- og Norðausturland

Halla	Kenai
Laugarás	"
Randi	"
Stilka	"
C-6	Susitna
Múli	Cooper Landing



 Suðurströndin
(hætt við haustkali annars staðar)

Iðunn	Copper River Delta (C-10)
Perlan	Tumastaðir (afkvæmi Laufeyjar (C-10) og óþekktis föður)

Eftirtaldir klónar eru auðræktaðir víða um land:

Pinni	Cordova Flats(C-9)	Múli	Cooper Landing
Karl	"	Sæland	etv. Kenai
Linda	"	Halla	Kenai

* Átt er við einstaklinga sem fjölgað er á kynlausan hátt, t.d. græðlinga. Erfðafræðilega er klónninn (plantan eða tréð) sem vex á þennan hátt nákvæmlega eins og móðurplantan.

** Upprunastaður trjáa þar sem aðlögun þeirra á viðkomandi svæði hefur mótast af ýmsum umhverfispáttum.